

Ályktunartillaga um breytingar á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga – Innheimta félagaskiptagjalds–

Lagt er til við stjórn KSÍ að við grein 18.2. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga bætist við eftirfarandi: ***Skal KSÍ annast alla innheimtu og greiða út til félagana í loktímabils.***

18.2. Félagaskiptum leikmanna, sem verið hafa á samningi, til, frá eða milli samningsfélaga/sambandsfélaga fylgja greiðslur milli félaga, (***skal KSÍ annast alla innheimtu og greiða út til félagana í loktímabils***). Slíkar greiðslur skulu ákvarðast af eftirfarandi reglum:

18.2.1. Grunnjald félagaskipta er kr. 100.000. Allar greiðslur milli félaga vegna félagaskipta reiknast sem margfeldi af grunnjaldi samkvæmt eftirfarandi reglum. Félagaskiptagjald getur aldrei orðið hærra en tífalt grunnjald sbr. þó grein 18.6. Grunnjaldið skal endurskoðað reglulega af samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ. Nýja grunnjaldið skal taka gildi frá næstu áramótum.

Greinargerð:

Það er gömul og ný saga að erfiðlega getur stundum gengið fyrir félög að innheimta þessar greiðslur þrátt fyrir ákvæði reglugerðarinnar. Það er örugglega miklu skilvirkara og betra að þessar greiðslur séu innheimtar af sambandinu. KSÍ fær allar félagsskiptatilkynningar og getur auðveldlega haldið utan um hvað hvert félag á að greiða eða fá greitt í lok hvers árs.